

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 68/2019****2020/EES/44/23****frá 29. mars 2019****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1292 frá 25. september 2018 um að samþykkja sýfenótrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1305 frá 26. september 2018 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldra sæfivara, sem inniheldur deltametrín, sem Svíþjóð lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12zzzzzs (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1623) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzt. **32018 R 1292**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1292 frá 25. september 2018 um að samþykkja sýfenótrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjttíð. ESB L 241, 26.9.2018, bls. 11).

12zzzzzu. **32018 D 1305**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1305 frá 26. september 2018 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldra sæfivara, sem inniheldur deltametrín, sem Svíþjóð lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 244, 28.9.2018, bls. 109).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1292 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/1305, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 241, 26.9.2018, bls. 11.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 244, 28.9.2018, bls. 109.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.